

EFTIRLITSSKÝRSLA

Arnarlax ehf. Gileyri, Tálknafirði



Dags eftirlits 3.10.2023

Ábyrgðarmaður eftirlits Sigríður Kristinsdóttir

Fyrirtæki Arnarlax ehf.

Eftirlitsmaður

Heimili Miðtún 13

Tegund eftirlits Reglubundið

Kennitala 580310-0600

Flokkur Fiskeldi

Fulltrúi fyrirtækis Silja Baldvinsdóttir

ÍSAT nr. 03.22.0

Fulltrúi fyrirtækis Nikoals Tzamouranis

Staðsetning

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Eitt frávik kom fram í eftirlitinu hvað varðar að olíugeymir var óvarinn á stað sem var opin fyrir akandi umferð en engar ábendingar voru settar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Eftirlitið var framkvæmt með vísan í 57. gr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Starfsleyfið tekur til 200 tonna af bleykju- og laxeldi. Eingöngu er lax í stöðinni. Starfsleyfið gildir til 2. desember 2023.

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Úrgangur, spilliefni og lyf
- Geymsla og meðhöndlun hættulegra efna
- Skoðunarferð um eldisstöðina
- Mengaður jarðvegur – kynning
- Ný gjaldskrá – kynning
- Breyting á boðum eftirlits - kynning

Engin frávik kom fram við eftirlitið á síðasta ári og engar ábendingar settar fram.

Efni og lyf voru geymd í læstri hirslu með lekavörnum, öryggisblöð voru á áberandi stað við efnageymslu.

Umgengni á lóð var góð, búið að malbika hluta af svæðinu og lóðin mjög snyrtileg.

Ekki bar á gruggi, slýi eða rusli við útrás frárennslis og enginn fugl sjáanlegur nálægt útrás.

Meðfylgjandi fundarboðinu var kynning á gagnagrunni Umhverfisstofnunar um mengaðan jarðveg og skráningar þar inn og kynning á nýrri gjaldskrá stofnunarinnar og breytingum á innheimtu eftirlitsgjalda. Rekstraraðili var beðinn að kynna sér skjölín. Einnig var farið yfir fyrirhugaða breytingu á boðun eftirlits en nú verða eftirlitin boðuð með skemmri fyrirvara en verið hefur ásamt því að hærra hlutfall reglubundinna eftirlita verða óboðuð.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

Gr. 41. í reglugerð nr. 884/2017 um varnir gegn olíumengun frá starfsemi á landi.

Það kemur fram í gr. 41 að öruggar mengunar-, áreksturs-, eld- og slysavarnir skulu tryggðar við rekstur neyslugeyma. Ekki voru mengunar-, árekstrar-, eld og slysavarnir við olíugeymi á svæðinu sem stóð á svæði þar sem akandi umferð átti greiðan að gang að.

ANNAÐ

Minnt er á að með nýju starfsleyfi koma auknar kröfur um mælingar, umhverfissvöktun og skil á slíkum upplýsingum.

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík, 07.12.2023

Sigr. Kristinsd

Sigríður Kristinsdóttir

bls. 4

